

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 11. apríl 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-75/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 18. október 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi afhendi tiltekið fylgifé með bifreiðinni og greiði viðgerðarkostnað.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. október 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 6. nóvember 2017. Neftndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 6. apríl 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Land Rover Range Rover Sport SE þann 27. júlí 2017 fyrir 1.900.000 krónur, en bifreiðin var ekin 244.000 km. við kaupin. Að sögn álitsbeiðanda var bifreiðin seld sem 2006 árgerð en hafi í raun verið 2005 árgerð og hafi bifreiðin einnig verið seld „með þeirri fullyrðingu að hún væri í topp standi“. Þá hafi tjakkur og dráttarkrökur verið skilyrði fyrir kaupunum og átt að fylgja með. Þá segir álitsbeiðandi að starfsmaður á bílasölunni sem hafði milligöngu um kaupin hafi fullyrt að tveggja vikna bið væri í ástandsskoðun en „varla væri þörf á henni þar sem bifreiðin hefði verið ástandsskoðuð af þeim og ekkert athugavert komið úr þeirri skoðun.“

Eftir kaupin fór álitsbeiðandi með bifreiðina í ástandsskoðun og kom þar í ljós að sögn álitsbeiðanda „að tjakkur er ónothæfur vegna skemmda, dráttarkrökur er ónýtur, tvær hjólalegur skemmdar, legur í framdrifi ónýtar, auk þess sem mikið brak og ískur kemur úr fjöðrun hægramegin að aftan.“ Viðgerðarkostnaður mun að sögn álitsbeiðanda hljóða upp á 600.000 til 700.000 krónur. Telur álitsbeiðandi að bifreiðin hafi ekki verið skoðuð af bílasölunni eða honum hafi verið sagt ósatt um raunverulegt ástand hennar. Álitsbeiðandi segir að eftir undirskrift kaupsamnings hafi einnig komið í ljós að bílasalan sjálf hafi verið eigandi að bifreiðinni en bílasalan vilji ekki koma til móts við kröfur hans á nokkurn hátt.

Álitsbeiðandi gerir þær kröfur fyrir kæruneftndinni að seljandi sjái til þess að það fylgifé sem auglýst var með bifreiðinni sé til staðar og nothæft. Auk þess krefst álitsbeiðandi þess að seljandi taki þátt í viðgerðarkostnaði.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi sé ekki og hafi aldrei verið eigandi bílasölnnar. Bifreiðin hafi ekki verið seld með þeirri fullyrðingu að hún væri í toppstandi heldur hafi starfsmaður bílasölnnar sagt að það sé ekkert að bifreiðinni „sem hann viti um“. Seljandi bendir á að dráttarbeisli eigi að hans bestu vitund að vera í skotti bifreiðarinnar en

bendir sérstaklega á skoðunarskyldu kaupanda í þessu sambandi og einnig varðandi tjakk. Bendir seljandi á að um 12 ára gamla bifreið sé að ræða sem var ekin 244.000 km. á kaupdegi og því sé eðlilegt að gera þurfi eitthvað fyrir bifreiðina. Þá segir seljandi að verð bifreiðarinnar hafi verið verulega lágt miðað við það sem tíðkist á markaðnum og bifreiðin sé í góðu standi miðað við aldur hennar og akstur. Seljandi hafnar öllum kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda bendir álitsbeiðandi á að seljandi og bílasalan hafi sama heimilisfang auk þess sem vörumerki seljanda komi upp þegar leitað er eftir bílasölu á heimasíðunni www.ja.is. Telur álitsbeiðandi að um sama aðila sé að ræða þrátt fyrir að fyrirtækin hafi hvert sína kennitölu. Álitsbeiðandi bendir einnig á að þrátt fyrir að verð bifreiða af þessari gerð sé fremur hátt þá geti tæpar 2.000.000 krónur fyrir 12 ára gamla bifreið ekki talist lágt verð. Þá hafi ekki verið hægt að sjá á tjakk eða krók við kaup að eitthvað væri að heldur kom það aðeins í ljós við fyrstu notkun. Auk þess geti ekki talist eðlilegt að kaupandi þurfi að skipta um eftirfarandi á fyrstu vikum eftir kaup: tjakk, krók, legu bílstjóramegin að framan, skipta um öxul, spyrnu, stífu, kúlu í fjöðrun, stífa bremsuklossa o.fl. Álitsbeiðandi ítrekar kröfu sína um að seljandi taki þátt í hluta af viðgerðarkostnaði, „þó ekki væri nema kostnaði við nýjan eða notaðan tjakk, dráttarkrók og hluta af viðgerð á framdrifi.“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 27. júlí árið 2017. Bifreiðin er samkvæmt kaupsamningi árgerð 2005 og var því tæplega 12 ára og hafði verið ekin 244.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 27. júlí 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álítur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megji ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að

réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki að sýnt hafi verið fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlotið að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin ekki hægt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Álitsbeiðandi bendir á að starfsmaður bílasölnunnar, sem hafði milligöngu um kaupin, hafi fullyrt að bifreiðin væri í „toppstandi“ en slík almenn yfirlýsing getur ekki orðið til þess að bifreiðin teljist gölluð í skilningi nkpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Það að umþrætt bifreið hafi verið tæplega 12 ára gömul á söludegi og ekin 244.000 km. gaf álitsbeiðanda ástæðu til að skoða bifreiðina mjög vandlega áður en kaup fóru fram. Engin sjálfstæð skoðun fór hins vegar fram af hálfu álitsbeiðanda heldur byggði hann alfarið á upplýsingum frá seljanda um ástand bifreiðarinnar og hugsanlega skoðun sem átti að hafa farið fram fyrir kaupin. Þegar um eldri bifreiðar er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í fullkomnu lagi enda er iðulega kominn tími á viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun og mikinn akstur. Mátti álitsbeiðandi þar af leiðandi búast við því að bifreiðin myndi þarfnast ákveðins viðhalds eða viðgerða og hefðu slíkar upplýsingar að öllum líkindum komið fram ef álitsbeiðandi hefði sinnt rannsóknarskyldu sinni með fullnægjandi hætti. Álítur kærunefndin að ekki hafi verið sýnt fram á annað í málinu en að bilun bifreiðarinnar stafi af aldri hennar og miklum akstri en ekki af leyndum galla í skilningi nkpl.

Í auglýsingu frá bílasölnunni kemur fram að dráttarbeisli hafi átt að fylgja með bifreiðinni og álítur kærunefndin að á seljanda hafi hvílt að gæta þess að dráttarbeisli hafi verið í lagi við söluna. Í meðfylgjandi reikningum frá verkstæðinu sem skoðaði bifreiðina kemur hins vegar ekki fram að dráttarbeisli bifreiðarinnar sé ónothæft og í því ljósi er ekki unnt að fallast á kröfu álitsbeiðanda um að seljanda beri að afhenda honum nýtt dráttarbeisli. Ef staðfesting kemur fram um að dráttarbeislið sé í raun ónothæft álítur kærunefndin að seljanda beri að afhenda álitsbeiðanda sambærilegt dráttarbeisli. Ekkert kemur fram um að tjakkur fylgi með bifreiðinni í auglýsingu eða kaupsamningi og mátti álitsbeiðanda vera ljóst við skoðun hvort tjakkur væri í bifreiðinni eða ekki.

Í ljósi allra atvika málsins er ekki unnt að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda með framangreindum fyrirvara varðandi dráttarbeisli. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort seljandi og bílasalan séu tengd fyrirtæki, enda er um tvo sjálfstæða aðila að ræða samkvæmt lögum.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson